

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 18/2014

Kæra Isavia ohf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 37/2014.

1. Þann 29. apríl 2015 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 18/2014: Kæra Isavia ohf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 37/2014 frá 30. júlí 2014. Í málinu úrskurða Hildur Dungal, Egill Heiðar Gíslason og Halldóra Þorsteinsdóttir.
2. Með kæru, dags. 1. mars 2015, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu nr. 37/2014 frá 30. júlí 2014, um að ekki sé ástæða til aðgerða vegna notkunar Húsbílaleigunnar ehf. á heitinu „Keflavík Airport Car Rental“ og léninu keflavikairportcarrental.is. Kærandi krefst þess að lagt verði fyrir Húsbílaleiguna ehf. að hætta notkun umrædds heitis og léns.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi til Neytendastofu, dags. 30. janúar 2013, kvartaði kærandi yfir notkun Húsbílaleigunnar ehf. á heitinu Keflavík Airport Car Rental. Í bréfinu kemur fram að kærandi reki Keflavíkurflugvöll og á ensku sé vísað til flugvallarins sem „Keflavík Airport“ eða „Keflavík International Airport“. Kærandi hafi orðið til við sameiningu Keflavíkurflugvallar ohf. og Flugstoða ohf. 1. maí 2010, en öll réttindi og skyldur þeirra félaga hafi færst yfir til kæranda við sameininguna og stofnun hans. Kærandi eigi vörumerkjarétt að heitinum „Keflavíkurflugvöllur“, „Keflavík Airport“ og „Keflavík International Airport“, bæði á grundvelli notkunar sem og skráningar hjá Einkaleyfastofunni, sbr. 4. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki. Keflavíkurflugvöllur hafi verið starfandi síðan 23. mars 1943 og í tugi ára hafi flugvöllurinn verið rekinn undir heitinu „Keflavíkurflugvöllur“ eða „Keflavík Airport“. Þá eigi kærandi skráð orðmerkið „Keflavík International Airport“, sbr. skráningu nr. 678 frá 1. október 2009, sbr. fylgiskjal 3 með kvörtuninni. Skráning þess nái til þjónustuflokka 35, 39 og 45, en á vefsíðu Einkaleyfastofunnar megi sjá skýringar á einstökum vöru- og þjónustuflokkum, þ.á m. umræddum þjónustuflokkum, sbr. afrit í fylgiskjali 4 með kvörtuninni. Eins og þar megi sjá falli bílaleiga (e. car rental) undir þjónustuflokk 39.
5. Þá verði auk þess að telja að vörumerkin Keflavíkurflugvöllur, Keflavík Airport og Keflavík International Airport séu vel þekkt. Séu heitin þekkt sem flugvöllur eða landsvæði en ekki sem vörumerki. Vörumerki séu sérhver skráningarhæf auðkenni sem hafi sérkenni. Einkaleyfastofan hafi þegar staðfest að vörumerki kæranda njóti sérkennis. Ekki séu takmarkanir á því hvers konar

þjónustu eða vöru vörumerki geta auðkennt. Sú staðreynd að vörumerki kæranda auðkenni flugvöll og flugvallastarfsemi kæranda breyti því ekki að um vel þekkt vörumerki sé að ræða. Þá beri auk þess að nefna að kærandi eigi skráð lénin keflavikairport.is og kefairport.is.

6. Haustið 2012 hafi kærandi fengið upplýsingar um að rekin væri bílaleiga undir heitinu „Keflavík Airport Car Rental“. Hafi þessi vitneskja komið til af því að kæranda höfðu borist ítrekaðar fyrirspurnir í tengslum við umrædda bílaleigu þar sem neytendur töldu kæranda standa að baki henni. Við frekari skoðun hafi komið í ljós að Húsbílaleigan ehf. reki umrædda bílaleigu og haldi jafnframt úti vefsíðunni www.keflavikairportcarrental.is. Á síðunni komi fram að forsvarsmaður Húsbílaleigunnar ehf. sé skráður fyrir léninu. Ekkert liggja fyrir hvenær Húsbílaleigan ehf. hóf nákvæmlega notkun heitisins, en kærandi hafi ekki orðið var við notkunina fyrr en haustið 2012. Um leið hafi hann haft samband við forsvarsmann félagsins.
7. Telja verði að notkun Húsbílaleigunnar ehf. á umræddu heiti og léni brjóti gegn vörumerkjarétti kæranda sem og 5. og 15. gr. a laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Í vörumerkjarétti felist að aðrir en eigandi vörumerkis megi ekki heimildarlaust nota í atvinnustarfsemi tákn sem séu eins eða lík vörumerki hans ef notkunin taki til eins eða svipaðrar vöru eða þjónustu og vörumerkjarétturinn nái til og hætt sé við ruglingi, þar með að tengsl séu með merkjunum. Sem áður segi eigi kærandi skráð vörumerki fyrir heitinu Keflavík International airport. Keflavík Airport sé stytting á því heiti og verði því að telja að það njóti jafnframt verndar umræddrar skráningar svo og vegna áralangrar notkunar. Sérkennandi hluti Keflavík Airport Car Rental sé Keflavík Airport, enda vísi seinni liðurinn einungis til þeirrar þjónustu sem Húsbílaleigan ehf. bjóði viðskiptavinum sínum. Það verði því að teljast augljóst að veruleg líking sé á milli vörumerkja kæranda og heitisins Keflavík Airport Car Rental.
8. Kærandi og Húsbílaleigan ehf. reki bæði flutningstengda þjónustu, annars vegar þjónustu tengda flugvallarrekstri og hins vegar þjónustu við útleigu bíla. Þá sé vörumerki kæranda skráð í flokk 39 en undir þann flokk falli bílaleiga. Vegna líkinda merkjanna, þeirrar þjónustu sem aðilar bjóði og markaðssvæði þjónustunnar verði að telja að veruleg hætta sé á ruglingi. Þannig sé veruleg hætta á að neytendur telji að tengsl séu á milli kæranda og bílaleigunnar Keflavík Airport Car Rental. Með vísan í ofangreint verði að telja að notkun heitisins brjóti gegn 1. mgr. 4. gr. vörumerkjalaga. Þá brjóti hún gegn 2. mgr. 4. gr. sömu laga, þar sem segi að þrátt fyrir að ekki sé um eins eða svipaða vöru eða þjónustu að ræða geti eigandi vörumerkis einnig bannað notkun þess fyrir annars konar vöru eða þjónustu ef vörumerkið sé vel þekkt hér á landi og notkunin hafi í för með sér misnotkun eða rýri aðgreiningareiginleika eða orðspor hins þekkta merkis.
9. Eins og áður hafi verið lýst sé ekki vafa bundið að Keflavík Airport og Keflavík International Airport séu mjög þekkt vörumerki hér á landi. Ekki fáist betur séð en að tilgangur Húsbílaleigunnar ehf. með notkun vörumerkisins sé að nýta sér viðskiptavild kæranda og hafa þannig áhrif á eftirspurn eftir þjónustu fyrirtækisins. Með notkun Húsbílaleigunnar ehf. á merkjunum sé orðspor kæranda jafnframt sett í hættu, enda hafi kærandi enga stjórn á því hvernig Húsbílaleigan ehf. standi að þjónustu sinni eða samskiptum við neytendur. Þá liggja fyrir að kærandi hafi þegar fengið sendar til sín kvartanir er lúti að þjónustu Húsbílaleigunnar ehf.

10. Í 5. gr. laga nr. 57/2005 komi fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Í 15. gr. a sömu laga segi að óheimilt sé að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hafi ekki rétt til er noti, eða reka atvinnu undir nafni sem gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Ennfremur sé sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann eigi tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Í umræddu ákvæði felist almenn vernd auðkenna sem komi til fyllingar vörumerkjavernd. Notkun Húsbílaleigunnar ehf. á fyrrgreindu heiti feli einnig í sér brot gegn umræddum ákvæðum. Þannig verði að telja ljóst að fyrirtækið hafi mátt vita að notkun þess á heitinu væri villandi og til þess fallin að valda ruglingi hjá neytendum. Því sé þess krafist að Neytendastofa grípi til aðgerða á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005 og banni notkunina.
11. Með bréfi Neytendastofu, dags. 11. febrúar 2013, sem kærandi fékk jafnframt afrit af, var Húsbílaleigunni ehf. kynnt framkomið erindi. Þá var tekið fram að kærandi teldi félagið brjóta gegn 5. gr. og 15. gr. a laga nr. 57/2005. Var og óskað eftir skýringum eða athugasemdum þess í tilefni bréfsins og félaginu veittur tíu daga frestur í því skyni. Með tölvubréfi, dags. 20. febrúar 2013, óskaði lögmaður Húsbílaleigunnar ehf. eftir fresti til að svara áðurgreindu erindi og var frestur veittur sama dag til 1. mars 2013. Með bréfi, dags. 1. mars 2013, sendi lögmaður Húsbílaleigunnar ehf. Neytendastofu athugasemdir vegna kvörtunar kæranda. Þar kemur fram að kærandi, Isavia ohf., sé opinbert hlutafélag, en samkvæmt 2. málsl. 1. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög merki það félag sem hið opinbera, einn eða fleiri hluthafar, eigi að öllu leyti, beint eða óbeint. Kærandi hafi verið stofnaður 1. maí 2010 og tekið við rekstri, eignum og skuldbindingum Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf. Frá árinu 1953 og til ársins 2006 hafi utanríkisráðuneytið haft með höndum öll umsvif íslenska ríkisins á Keflavíkurflugvelli og umsjón með samskiptum við bandaríska varnarliðið. Árið 2006 hafi skipan flugmála breyst með lögboðnum aðskilnaði flugleiðsöguþjónustu og flugvallarreksturs frá stjórnslu- og eftirlitsstarfsemi Flugmálastjórnar. Nýtt opinbert hlutafélag, Flugstoðir ohf., hafi tekið við rekstri íslenskra flugvalla og flugleiðsöguþjónustu utan Keflavíkurflugvallar í ársbyrjun 2007, en rekstur flugvallarins í Keflavík hafi verið settur inn í annað opinbert hlutafélag, Keflavíkurflugvöll ohf. Kærandi hafi síðan orðið til við sameiningu Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf.
12. Í erindi kæranda komi fram að starfsemi á Keflavíkurflugvelli hafi byrjað á árinu 1943 og virðist mega skilja þá athugasemd þannig að félagið telji sig hafa haft einkarétt á umræddum merkjum á grundvelli notkunar allar götur síðan. Eins og kunnugt sé hafi Ísland verið hernumið land þegar flugvöllurinn var byggður og frá upphafi og til ársins 2006 hafi verið þar umsvifamikil starfsemi á vegum bandaríska hersins sem tengist kæranda ekki. Fullyrða megi að fram til ársins 2006 hafi umsvif bandaríska varnarliðsins verið mun meiri en íslenska ríkisins á Keflavíkurflugvelli, en í september það ár hafi varnarliðið hætt starfsemi hér á landi. Notkun á heitinu Keflavíkurflugvöllur eða Keflavík Airport þurfi að skoðast í því ljósi. Stór hluti af starfsemi kæranda snúist um meðferð á opinberu valdi og starfsemin snúist ekki um hefðbundinn samkeppnisrekstur heldur rekstur á flugvöllum í ríkiseigu og flugumferðarstjórn.
13. Í dag sé að finna margskonar starfsemi á Keflavíkurflugvelli sem tengist m.a. eignum gamla varnarliðsins. Til dæmis sé Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, með aðsetur á fyrrum

varnarsvæði bandaríska hersins, auk þess sem þar sé rekið stórt gagnaver Verne Global í gömlum byggingum sem tilheyri hernum. Fyrir liggja þannig að umfangsmikil starfsemi fari fram á Keflavíkurflugvelli sem tengist ekki kæranda eða flugi og þá sé ýmiskonar starfsemi að finna þar tengda fluginu, eins og hótél og bílaleigur, sem kærandi hafi ekkert með að gera. Staðarheitið Keflavíkurflugvöllur eða Keflavík Airport tengist allri þessari starfsemi. Þegar litið sé til eðlis kæranda veði furðu að hann vilji reyna að hindra venjuleg fyrirtæki í að auðkenna sig og tengja sig við starfsstöð með því að vilja slá eign sinni á svo víðtæk heiti sem erindið gangi út á.

14. Þá kemur fram í bréfinu að vörumerki verði að hafa sérkenni og aðgreiningarhæfi. Orðið Keflavík Airport eða Keflavíkurflugvöllur á íslensku sé samsett úr staðarheitinu Keflavík og nafnorðinu flugvöllur sem sé almennt heiti yfir svæði þar sem flugvélar lendi og hefji sig til flugs. Sé þannig um almennt heiti að ræða sem aðallega hafi skírskotun til svæðisins og hið samsetta heiti Keflavíkurflugvöllur sé miklu frekar staðarheiti heldur en heiti á einhverri ákveðinni starfsemi sem kærandi hafi með höndum. Til marks um það hafi staðarheitið Keflavíkurflugvöllur sérstakt póstnúmer (235), rétt eins og staðarheitin Keflavík og Njarðvík, sem eins og Keflavíkurflugvöllur tilheyri Reykjanesbæ. Í ákvörðun Neytendastofu nr. 50/2011 megi finna ákveðna samsvörun við þetta mál. Málið hafi varðað kvörtun rekstraraðila Gistiheimilis Keflavíkur yfir firmanafninu Gistihús Keflavíkur. Varðandi ruglingshættu hafi Neytendastofa talið að nafnið Gistiheimili Keflavíkur væri svo almennt og lýsandi fyrir starfseminu og staðsetninguna að það fengist vart skráð sem vörumerki, sbr. 13. gr. laga um vörumerki, og gæti það því ekki notið einkaréttar. Yrði fyrirtæki sem veldu almenn orð til auðkennis á starfsemi sinni að hlíta því að keppinautur notaði sömu eða lík orð í auðkennum sínum. Með vísan til þess m.a. hafi Neytendastofa talið að ekki væri um brot gegn 5. og 15. gr. a laga nr. 57/2005 að ræða.
15. Kærandi byggir erindi sitt á því að heitin Keflavíkurflugvöllur og Keflavík Airport séu vel þekkt og af þeim sökum njóti þau verndar 2. mgr. 4. gr. vörumerkj laga. Sé fullyrt að nánast hver einasti Íslendingur þekki til þeirra, auk þess sem þau séu mjög vel þekkt erlendis. Áður hafi verið vikið að því hvort heitin Keflavíkurflugvöllur og Keflavík Airport hafi nægjanlegt sérkenni og aðgreiningarhæfi, en einnig skipti máli hvort fólk almennt tengi þessi heiti við kæranda og hvort kærandi teljist hafa notað heitin eitthvað frekar en mörg önnur fyrirtæki sem séu með starfsemi á Keflavíkurflugvelli. Í 5. gr. vörumerkj laga komi fram að með notkun vörumerkis í atvinnustarfsemi sé m.a. átt við 1) merki sé sett á vöru eða umbúðir hennar, 2) vara eða þjónusta auðkennd með merki sé boðin til sölu, markaðssett eða markaðssetning undirbúin, 3) vara eða þjónusta auðkenndi með merki sé flutt inn eða út eða 4) merki sé notað í auglýsingum, bréfhausum eða á annan sambærilegan hátt. Af ákvæðinu megi ráða að það eðli heitisins Keflavíkurflugvöllur, að vera aðallega staðarheiti, komi í veg fyrir að vörumerkjaréttur hafi stofnast fyrir hið opinbera hlutafélag á grundvelli notkunar. Starfsemi og eðli kæranda skipti og máli í þessu sambandi.
16. Í erindi kæranda sé byggt á því að notkun Húsbílaleigunnar ehf. á heitinu Keflavík Airport Car Rental bjóði upp á hættu á ruglingi og telji kærandi að tilgangur með notkun heitisins sé að nýta sér viðskiptavild kæranda. Margdæmt sé að þeir sem velji sér almenn heiti á vörur eða þjónustu verði að þola að aðrir noti sömu eða lík heiti um sínar vörur. Þetta viðhorfi megi m.a. sjá í

fyrirgreindri ákvörðun Neytendastofu. Heitið Keflavíkurflugvöllur eða Keflavík Airport hafi ekki afmarkaða skírskotun til einherrar tilgreindrar starfsemi á vegum kæranda. Sé orðinu Keflavíkurflugvöllur t.a.m. slegið inn í leit á ja.is birtist 48 niðurstöður og símanúmer hjá þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem séu með starfsemi á Keflavíkurflugvelli. Sé m.a. um að ræða bílaleigur, hótél, verslanir í flugstöð Leifs Eiríkssonar, starfsemi flugfélaganna og starfsemi sem tengist rekstri á fasteignum sem áður tilheyrðu varnarliðinu, auk þess sem símanúmer tollgæslunnar birtist. Þetta staðfesti vel eðli orðsins sem staðarheiti og ef kærandi teldist eiga einkarétt á orðinu yrði öllum þessum fyrirtækjum erfitt um vik að tengja heiti starfseminnar við staðsetningu hennar á flugvöllinum. Hefði kærandi viljað aðgreina starfsemi sína á flugvöllinum hefði félagið einfaldlega getað gefið henni eitthvert sérkennandi heiti.

17. Starfsemi kæranda fari ekki nema að litlu leyti fram á viðskiptalegum forsendum og felist starfsemi hins opinbera hlutafélags að hluta til í því að fara með opinbert vald, eins og áður hafi verið rakið. Það hljóti að teljast sérstakt að slíkt fyrirtæki telji sig geta sett öðrum fyrirtækjum skorður með vísan til þess að verið sé að misnota viðskiptavild, eins og reynt sé að gera í þessu máli. Þá sé því haldið fram að ef einhver sérstök viðskiptavild tengist heitinu Keflavíkurflugvöllur eða Keflavík Airport verði hún ekki tengd við kæranda frekar en þau fjölmörgu fyrirtæki sem séu á Keflavíkurflugvelli, enda tengi fólk heitið við staðinn frekar en einhverja tiltekna starfsemi þar.
18. Hvað sem líði skráningu merkisins „Keflavík International Airport“ megi ljóst vera að um mjög veikt merki sé að ræða, en það sé samsett úr staðarheiti og tveimur mjög almennum nafnorðum sem saman myndi mjög takmarkað sérkenni. Mikla furðu veki auk þess að merkið hafi fengist skráð og aðrar vörumerkjaskráningar kæranda á flugvallarnöfnum séu með nafni félagsins fremst í heitinu, sbr. merki nr. 82/2013, „Isavia Reykjavík International Airport“, merki nr. 82/2013, „Isavia Akureyri International Airport“ og nr. 83/2013, „Isavia Egilsstaðir International Airport“. Þá megi gera ráð fyrir að kærandi eða forveri hans hafi reynt að fá merkin „Keflavíkurflugvöllur“ og „Keflavík Airport“ skráð þegar fyrstnefnda merkið hafi verið skráð á árinu 2009. Þar sem um svo veikt merki sé að ræða geti skráningin Keflavík International Airport ekki komið í veg fyrir að nota megi merkið Keflavík Airport eða Keflavíkurflugvöllur, en fyrir liggir að Húsbílaleigan ehf. hafi ekki notað hið skráða heiti. Þá sé því jafnframt hafnað að heitið Keflavík Airport njóti verndar á grundvelli skráningar merkisins Keflavík International Airport og vísist í því sambandi til hversu veikt hið skráða merki sé og fyrir hvað orðin Keflavík Airport standi. Til marks um það hvað merkið sé veikt megi ennfremur nefna að hjá Einkaleyfastofunni sé skráð vörumerkið „Dutyfree Keflavík Airport“, nr. 329 og hafi það verið skráð 3. mars 2008 eða áður en merkið Keflavík International Airport hafi verið skráð. Eigandi merkisins sé Fríhöfnin ehf. Með vísan til framangreinds sé því hafnað að Húsbílaleigan ehf. hafi brotið gegn fyrirgreindum lagaákvæðum.
19. Með bréfi, Neytendastofu dags. 6. mars 2013, var kæranda sent bréf lögmanns Húsbílaleigunnar ehf. og honum boðið að koma að skýringum sínum eða athugasemdum við bréfið. Var þess óskað að athugasemdir bærust innan tíu daga. Með tölvubréfi lögmanns kæranda, dags. 15. mars 2013 var óskað eftir vikufresti og með tölvubréfi starfsmanns stofnunarinnar, dags. 18. mars sama ár, var fallist á þá beiðni. Athugasemdir bárust síðan frá kæranda með bréfi, dags. 22. mars 2013. Þar er tekið fram að samkvæmt 1. gr. vörumerkjalaga geti einstaklingar og lögaðilar eignast einkarétt

á vörumerki samkvæmt ákvæðum laganna. Í athugasemdum við 1. gr. frumvarps þess er varð að lögunum sé sérstaklega tekið fram að réttur til vörumerkja, sem notuð séu í atvinnustarfsemi, sé óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vöru, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað sé með gegn endurgjaldi. Sú staðreynd, að kærandi sé opinbert hlutafélag, breyti þannig ekki þeirri staðreynd að hann eigi vörumerkjarétt á orðmerkinu Keflavík International Airport á grundvelli skráningar sem og að merkjunum Keflavík Airport og Keflavíkurflugvöllur á grundvelli notkunar. Þá fáist ekki séð hvaða máli skipti hvernig fyrirkomulagi Keflavíkurflugvallar hafi verið háttað á árum áður. Það sem skipti máli sé að merkin hafi verið notuð í öll þessi ár og á grundvelli notkunar orðin vel þekkt í skilningi vörumerkjalaga.

20. Í bréfi lögmans Húsbílaleigunnar ehf. komi fram að margskonar starfsemi sé að finna á Keflavíkurflugvelli, þ. á m. Keili – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, Verne holdings ehf. o.s.frv. Þetta sé hins vegar misskilningur. Keflavíkurflugvöllur sé heiti á flugvelli kæranda en ekki staðarheiti sem tengist annarri starfsemi. Keflavíkurflugvöllur sé þannig ekki sér póstnúmer, líkt og haldið sé fram. Póstnúmerið 235 tilheyrir Reykjanesbæ. Keilir – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs sé staðsett við Grænásbraut 910, 235 Reykjanesbæ og Verne Holdings ehf. við Valhallarbraut 868, 235 Reykjanesbæ. Þessir lögaðilar hafi þannig enga tengingu við Keflavíkurflugvöll og ekki ástæðu til að tengja sig við hann. Á Keflavíkurflugvelli sé hins vegar að finna fjöldan allan af fyrirtækjum. Kærandi geri að sjálfsögðu ekki athugasemd við að þessi fyrirtæki, sem hafi tengingu við flugvöllinn, noti vörumerki kæranda til upplýsinga fyrir neytendur um staðsetningu sína. Kærandi geri hins vegar alvarlegar athugasemdir við að fyrirtæki noti vörumerki hans með öðrum hætti og án leyfis, þ.á m. í firmaheiti sínu eða til auðkenningar á rekstri sínum. Ef vörumerkinu Keflavíkurflugvölli sé slegið inn á ja.is komi 47 niðurstöður. Þau fyrirtæki sem þar sé að finna eigi það sameiginlegt að vera staðsett á starfsstöð kæranda á Keflavíkurflugvelli. Þau noti hins vegar ekki vörumerki kæranda í firmaheiti sínu eða með öðrum hætti í markaðssetningu með þeim hætti að kærandi telji að um brot á vörumerkjarétti sínum sé að ræða. Þá skuli tekið fram að Húsbílaleigan ehf. sé ekki staðsett í starfsstöð kæranda á Keflavíkurflugvelli heldur við Klettatröð 6, 235 Reykjanesbæ.
21. Í bréfi Húsbílaleigunnar ehf. sé vísað til þess að vörumerki verði að hafa sérkenni og aðgreiningarhæfi. Tekið sé fram að orðin Keflavíkurflugvöllur, eða Keflavík Airport, séu samsett úr staðarheitinu Keflavík og nafnorðinu flugvöllur. Af þeim sökum telji Húsbílaleigan ehf. vörumerkið almennt heiti og sé vísað í ákvörðun Neytendastofu nr. 50/2011 í því sambandi, en í því máli hafi viðkomandi heiti verið talið of almennt og talið ólíklegt að það fengist skráð. Í þessu sambandi bendi kærandi á að vörumerki hans, Keflavík International Airport, sé skráð vörumerki. Einkaleyfastofan hafi þannig þegar skorið úr um að merkið njóti sérkennis. Þegar af þeirri ástæðu sé fordæmisgildi umræddrar ákvörðunar takmarkað. Það sama verði að telja að eigi við um merkin Keflavíkurflugvöllur, sem sé íslensk þýðing á Keflavík Airport. Jafnvel þótt heitin hafi mögulega á einhverjum tímamarki ekki talist fullnægja skilyrðum vörumerkjalaga um sérkenni sé ljóst að þau hafi öðlast slík sérkenni með notkun, sbr. 2. mgr. 3. gr. vörumerkjalaga og 2. mgr. 13. gr. laganna.

22. Þá sé auk þess ástæða til að benda á nýlegan dóm Hæstaréttar Íslands nr. 538/2012 þar sem deilt hafi verið um hvort notkun á heitunum „Icelandair Hotel Keflavík“ og „Icelandair Hótel Keflavík“ bryti gegn vörumerkjarétti Hótel Keflavíkur ehf. eða lögum nr. 57/2005. Hæstiréttur hafi komist að þeirri niðurstöðu að Hótel Keflavík ehf. hefði ekki sýnt fram á að heitið hefði náð slíkri markaðsfestu að skilyrði væru til að skrá það sem vörumerki. Hins vegar hefði notkun á heitunum Icelandair Hotel Keflavík brotið gegn Hótel Keflavík ehf. með ólögmatum hætti á grundvelli 2. málsl. 15. gr. a laga nr. 57/2005. Hafi verið vísað til þess að Hótel Keflavík ehf. hefði notað auðkenni sín í mörg ár og gögn málsins borið með sér að nokkur ruglingshætta væri fyrir hendi á hótelnunum tveimur. Þannig megi sjá að Hæstiréttur Íslands hafi talið notkun aðila á auðkennum þriðja aðila, sem notað hefði slík auðkenni í mörg ár, brjóta gegn lögum nr. 57/2005, jafnvel þó svo að viðkomandi auðkenni hafi ekki notið verndar vörumerkjalaga.
23. Í bréfi Húsbílaleigunnar ehf. sé vísað til 5. gr. vörumerkjalaga og því haldið fram að kærandi noti ekki vörumerkin í atvinnuskyni. Kærandi sé í beinum samkeppnisrekstri og komi samkeppnin aðallega erlendis frá, t.d. frá London Heathrow og Kaupmannahafnarflugvelli (Kastrup). Í þeim samkeppnisrekstri séu vörumerkin heldur betur notuð og mun fremur en firmanafn kæranda. Sé vefsíða kæranda skoðuð megi jafnframt sjá hvernig vörumerki kæranda séu notuð. Vegna fullyrðingar Húsbílaleigunnar ehf., um að gera megi ráð fyrir að kærandi eða forveri hans hafi reynt að fá skráð vörumerkin Keflavíkurflugvöllur og Keflavík Airport, skuli á það bent að vörumerkjaréttur geti bæði stofnast á grundvelli skráningar og notkunar, sbr. 3. gr. vörumerkjalaga.
24. Með bréfi Neytendastofu, dags. 27. mars 2013, var lögmanni Húsbílaleigunnar ehf. kynnt svarbréf lögmanns kæranda og honum boðið að koma að athugasemdum félagsins eða skýringum innan tíu daga. Var lögmanninum síðan veittur frekari frestur í því skyni til 12. apríl 2013. Svar barst svo þann dag. Í bréfinu kemur fram að ekki hafi verið gefið í skyn að vörumerkjaréttur kæranda væri takmarkaður þar sem félagið væri opinbert hlutfélag. Hins vegar væri umfjöllun um eðli og sögu kæranda nauðsynleg til að átta sig á hvernig heitin Keflavíkurflugvöllur eða Keflavík Airport hafi verið notuð og hvernig hið opinbera hlutfélag tengist þeirri notkun. Vörumerkjaréttur geti orðið til á grundvelli notkunar en þá þurfi sú notkun að tengjast þeim sem tilkall geri til réttarins sérstaklega og heiti eða nafn þurfi einnig að hafa verið notað sem vörumerki en ekki t.d. sem staðarheiti, sbr. orðalag 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. vörumerkjalaga um að vörumerki þurfi að hafa verið notað „fyrir vöru eða þjónustu“. Ef heiti hafi verið notað af mörgum kunni það að valda því að það teljist ekki hafa nægilegt sérkenni, en byggt sé á því af hálfu Húsbílaleigunnar ehf. að hin umdeildu heiti tengist bæði í nútíð og þátíð mörgum fleirum en kæranda og að þau hafi verið notuð sem staðarheiti.
25. Það sé enginn misskilningur að margskonar starfsemi sé að finna á Keflavíkurflugvelli aðra en þá sem tengist kæranda og að sú staðreynd, að flugvöllurinn sjálfur gangi undir þessu nafni, breyti ekki því að heitið hafi víðari skírskotun. Keflavíkurflugvöllur sé í huga flestra heiti á ákveðnu svæði á Miðnesheiði sem sé meira en bara flugvöllurinn. Allt gamla varnarsvæðið hafi þannig í gegnum tíðina verið kallað Keflavíkurflugvöllur og sá hluti Reykjanesbæjar sé sér póstnúmer (235), hvað sem líði þeirri skoðun lögmanns kæranda að ekki sé um sérstakt póstnúmer að ræða

vegna þess að númerið „tilheyri“ Reykjanesbæ. Ofarlega í bréfi kæranda komi góð staðfesting á því að Keflavíkurflugvöllur sé staðarheiti, en þar sé tekið fram að á flugvöllinum sé að finna fjöldan allan af fyrirtækjum. Kærandi geri ekki athugasemdir við að þessi fyrirtæki, sem „hafi tengingu við Keflavíkurflugvöll“ noti „vörumerki“ kæranda „til upplýsinga fyrir neytendur um staðsetningu sína“. Kærandi geri hins vegar athugasemdir við að fyrirtæki noti vörumerki hans með öðrum hætti og án leyfis. Það hljóti að vekja furðu að kærandi haldi því fram að Keflavíkurflugvöllur sé ekki staðarheiti, en viðurkenni samt að nauðsynlegt sé fyrir fyrirtæki á völlum að nota heitið til að upplýsa neytendur um staðsetningu sína. Þá megi taka fram að Keflavíkurflugvöllur hafi lengi verið sérstakt lögregluumdæmi, þar sem sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli hafi ráðið ríkjum. Ljóst megi vera að heiti embættisins hafi vísað í staðarheiti en ekki einhvern rekstur á vegum kæranda eða forvera hans og það hefði væntanlega þótt lélegur brandari ef því hefði verið haldið fram að heiti embættisins bryti gegn vörumerkjarétti.

26. Lögmaður kæranda bendi réttilega á að vörumerkið Keflavík International Airport sé skráð. Hann telji að jafnvel þótt heitin Keflavíkurflugvöllur eða Keflavík Airport hafi ekki uppfyllt kröfur vörumerkjalaga um sérkenni á einhverjum tímapunkti sé ljóst að heitin hafi öðlast slíkt sérkenni með notkun. Ekki sé alveg ljóst hvert verið sé að fara með þessari staðhæfingu, enda liggi fyrir að notkunin á heitunum hafi einmitt leitt til þess að þau séu ekki og hafi aldrei verið sérstaklega tengd við starsfemi kæranda frekar en ýmsa aðra þjónustu á Keflavíkurflugvelli. Hvað varði dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 538/2012 skuli tekið fram að í því máli hafi verið óumdeilt að viðkomandi aðili hefði notað heitin lengi sem auðkenni fyrir hótélrekstur sinn og að það hefði enginn annar gert. Í tilviki staðarheitisins Keflavíkurflugvallar eða Keflavík Airport sé einfaldlega um það að ræða að það hafi verið notað mjög lengi sem nafn á ákveðnu svæði og neytendur tengi þessi heiti ekkert sérstaklega við rekstur kæranda. Dómurinn hafi því ekki fordæmisgildi í þessu máli. Í fyrra bréfi Húsbílaleigunnar ehf. hafi því verið haldið fram að líklegt væri að kærandi eða forveri hans hafi reynt að fá heitin Keflavíkurflugvöllur og Keflavík Airport skráð sem vörumerki þegar Keflavík International Airport var skráð árið 2009. Lögmaður kæranda segi þessar athugasemdir úr lausu lofti gripnar, en neiti þessu þó ekki. Tilgangur Húsbílaleigunnar ehf. hafi ekki síst verið að skora á kæranda að upplýsa um þetta atriði, enda gætu slíkar upplýsingar varpað ljósi á málið. Viðbrögð kæranda hljóti að þurfa að túlka þannig að umræddra heita hafi í reynd verið hafnað, sem samrýmist því að staðarheiti þess uppfylli ekki kröfur vörumerkjalaga til skráningar.
27. Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 18. apríl 2013, sem Húsbílaleigan ehf. fékk jafnframt afrit af, var kæranda kynnt framkomið bréf Húsbílaleigunnar ehf. og því komið á framfæri að gagnaöflun málsins væri lokið. Með tölvubréfi, dags. 23. apríl 2013, var þess óskað af hálfu lögmanns kæranda að tölvubréf með samskiptum lögmanns kæranda við Einkaleyfastofuna kæmust að í málinu. Í umræddu tölvubréfi kom fram að starfsmaður Einkaleyfastofunnar staðfesti að ekki væru að finna umsóknir eða skráningar á vörumerkjunum „Keflavíkurflugvöllur“ eða „Keflavík Airport“ hjá stofnuninni. Með bréfi Neytendastofu, dags. 21. maí 2013, var Húsbílaleigunni ehf. boðið að koma að athugasemdum við fyrrgreint tölvubréf. Svar barst með bréfi, dags. 28. maí 2013, þar sem fram kemur að þessar nýju upplýsingar breyti engu í málinu, enda þýði þetta að ekki hafi reynt á álitaefnið hjá Einkaleyfastofunni. Annað hefði átt við ef fyrir

lægi að Einkaleyfastofan hefði hafnað skráningu, en telja verði öruggt að það hefði orðið niðurstaðan ef reynt hefði á skráningarhæfið. Það að á skráningu hafi ekki reynt bendi hugsanlega til þess að hið opinbera hlutafélag hafi metið stöðuna þannig að heitin væru ekki skráningarhæf vegna eðlis þeirra sem staðarheita.

28. Með bréfi Neytendastofu, dags. 7. júní 2013, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun málsins væri lokið og að það yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

ÁKVÖRDUN NEYTENDASTOFU

29. Hinn 30. júlí 2014 tók Neytendastofa hina kærðu ákvörðun nr. 37/2014, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til aðgerða vegna kvörtunar kæranda. Í niðurstöðukafla ákvörðunarinnar er fyrst vikið að kvörtun kæranda og helstu sjónarmiðum aðila, auk þess sem efni 5., 8., 9. og 15. gr. a laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu er rakið. Fram kemur að í síðargreinda ákvæðinu felist almenn vernd auðkenna sem komi til fyllingar vörumerkjavernd. Fyrri málsliður ákvæðisins hafi að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar eigi. Rétturinn til þessara auðkenna geti hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sjáist glögg að ákvæðið skipti máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veiti auðkennum. Þar komi einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Þetta ákvæði taki því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. másl. Þessi málsliður eigi við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eigi rétt til auðkenna sinna og þurfi þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna hóf notkun valdi ruglingshættu á milli aðila.
30. Hvað varði skráningu á hinu umdeilda léni megi sjá að lénið keflavikairportcarrental.is hafi verið skráð hjá ISNIC 23. febrúar 2011 á nafni forsvarsmanns Húsbílaleigunnar ehf. Lénið sé þ.a.l. skráð með þar til bærum hætti hjá ISNIC. Þá notist Húsbílaleigan ehf. við heitið Keflavík Airport Car Rental en það sé þó ekki skráð hjá fyrirtækjaskrá. Kærandi eigi skráð vörumerkið Keflavík International Airport hjá Einkaleyfastofunni. Neytendastofa telji því báða aðila eiga rétt til auðkenna sinna og samkvæmt því komi 2. másl. 15. gr. a laga nr. 57/2005 til álita í málinu.
31. Í ákvörðuninni segir síðan að réttur til vörumerkis geti stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan sé sú að eigandi merkis öðlist einkarétt til nafnsins og sé öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a laga nr. 57/2005 sé ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu sé litið til þess hvort fyrirtækin séu í samkeppni og hvort þau séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verði vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint fyrirtækið eða vöru þess eða þjónustu frá keppinautum og takmarkist því verndin við að merkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem fyrirtækið bjóði. Sé litið til orðasambandsins Keflavík International Airport komi eflaust Flugstöð Leifs Eiríkssonar upp í huga Íslendinga. Þá fái Neytendastofa ekki séð að

orðasambandið vísi sérstaklega til starfsemi fyrirtækjanna þar sem annað hafi með höndum rekstur flugvallar en hitt bílaleigu. Að mati Neytendastofu sé orðasambandið hvorki lýsandi né einkennandi fyrir starfsemi fyrirtækjanna heldur veki það fremur hugmyndir hjá einstaklingum um ákveðið svæði, staðsetningu eða byggingu. Sé orðasambandið því almennt og lýsi ekki neinni starfsemi sérstaklega.

32. Í erindi kæranda sé því haldið fram að ruglingur vegna heitis Húsbílaleigunnar ehf. sé nokkur. Þannig berist kæranda símtöl og póstsendingar sem ætlaðar séu Húsbílaleigunni ehf. Þó veruleg líkindi séu með vörumerki kæranda og léni Húsbílaleigunnar ehf. fái Neytendastofa ekki séð að slíkur ruglingur sé þess eðlis að neytendur komi til með að eiga viðskipti við rangan aðila. Þó fyrirtækin starfi á sama markaðssvæði séu þau á engan hátt í samkeppni. Þá verði að líta til þess að starfsemi kæranda beinist ekki að neytendum nema að mjög takmörkuðu leyti. Annars vegar snúi starfsemi kæranda að rekstri flugvallar og hins vegar snúi starfsemi Húsbílaleigunnar ehf. að neytendum sem vilji leigja bíla. Að mati stofnunarinnar sé að þessu virtu ekki til staðar ruglingshætta samkvæmt 2. másl. 1. mgr. 15. gr. a laga nr. 57/2005 sem gefi tilefni til að banna síðargreinda félaginu notkun heitisins eða lénsins.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

33. Í kæru, dags. 25. ágúst 2014, kemur fram að kærandi eigi vörumerkjarétt að heitinum Keflavíkurflugvöllur, Keflavík Airport og Keflavík International Airport, bæði á grundvelli notkunar og skráningar hjá Einkaleyfastofunni. Þannig eigi kærandi skráð orðmerkið Keflavík International Airport. Neytendastofa dragi þennan rétt ekki í efa og gangi út frá því að slíkur vörumerkjaréttur sé til staðar. Þá komist stofnunin réttilega að þeirri niðurstöðu að merkjalíking sé til staðar milli vörumerkja kæranda og Keflavík Airport Car Rental, en í hinni kærðu ákvörðun sé vísað til þess að veruleg líkindi séu með merkjunum. Stofnunin byggir hins vegar á því að þrátt fyrir slíka merkjalíkingu sé ruglingshætta ekki til staðar þar sem þjónustulíking sé takmörkuð. Til þess sé að líta að kærandi og Húsbílaleigan ehf. reki bæði flutningstengda þjónustu, annars vegar þjónustu tengda flugvallarrekstri og hins vegar þjónustu við útleigu bíla. Þá sé vörumerki kæranda skráð í flokk 39, en þar falli undir bílaleigustarfsemi.
34. Þegar fullyrt sé að villast megi á merkjum sé átt við að viðkomandi viðskiptahópur þeirrar vöru eða þjónustu sem um sé að ræða telji að þær hafi sama uppruna eða viðskiptarætur. Viðskiptahópurinn þurfi ekki að hafa vitneskju um hver þessi upprunaaðili nákvæmlega sé, en telji hópurinn að fyrir liggi samstarf eða sameign hvað taki til viðskiptauppruna vörunnar eða þjónustunnar, verði að telja að villast megi á merkjunum. Það sé ekki skilgreiningaratriði við mat á mögulegri ruglingshættu hvort fyrirtæki séu í samkeppni. Þannig sé nægjanlegt til að um ruglingshættu sé að ræða að viðskiptahópur telji einhvers konar samstarf eða eignatengsl vera til staðar á milli aðila.
35. Kærandi reki flugvöll. Undir þann rekstur falli mjög fjölbreytileg verkefni og starfsemi. Félagið annist þannig ýmis konar þjónustu við neytendur, við flugrekendur sem og þær verslanir sem staðsettar séu á Keflavíkurflugvelli. Þjónusta kæranda við neytendur sé margþætt. Þar á meðal

megi nefna leigu á bílastæðum, ýmist á langtímastæðum, eða skammtímastæðum, sem og bílastæðum sem sérstaklega séu ætluð bílaleigum og langferðabílum. Í ljósi þess hversu fjölbreytt þjónusta kæranda sé, þ. á m. gagnvart neytendum, sé mikil hætta á að neytendur telji kæranda hafa eitthvað með bílaleiguna Keflavík Airport Car Rental að gera, hvort sem þeir standi í þeirri trú að kærandi standi að rekstri bílaleigunnar eða eitthvað samstarf sé með aðilum.

36. Í þjónustu kæranda við neytendur sé lagt mikið upp úr því að auðvelda neytendum það ferðalag sem fyrir vændum sé, hvort sem það tengist för í gegnum flugvöllinn og undirbúningi fyrir brottför eða annars konar þjónustu sem tengist flutningi til og frá flugvelli, þ. á m. geymslu á bifreið á meðan á utandvöl stendur. Að bjóða neytendum upp á leigu á bílaleigubíl við komu til landsins sé þannig ekki langt frá þeirri þjónustu sem kærandi veiti nú þegar sínum viðskiptavinum. Dæmin sanni að neytendur hafi talið kæranda hafa með umrædda bílaleigu að gera. Slík tilvik um raunverulegan rugling veiti óneitanlega upplýsingar um hvort villast megi á merkjunum. Með vísan til framanritaðs verði ekki hjá því komist að telja þjónustulíkingu jafnframt vera til staðar á milli vörumerkja kæranda og heitisins Keflavík Airport Car Rental. Síðargreinda heitið vísi til þess að um sé að ræða bílaleigu í eigu Keflavíkurflugvallar eða a.m.k. sem rekin sé í samstarfi við hann. Heitið sé því mjög villandi fyrir neytendur.
37. Sé tilgangur Húsbílaleigunnar ehf. að tengja sig við Keflavíkurflugvöll með einum eða öðrum hætti í upplýsingaskyni vegna staðsetningar séu engar athugasemdir gerðar við slíka tilvísun. Á starfsstöð kæranda, Keflavíkurflugvelli, sé að finna fjöldan allan af fyrirtækjum. Kærandi geri ekki athugasemd við að þessi fyrirtæki noti vörumerki kæranda til upplýsinga um staðsetningu sína. Hins vegar séu gerðar athugasemdir við að fyrirtæki noti vörumerki kæranda með öðrum hætti og án leyfis. Þá beri að benda á að Húsbílaleigan ehf. sé staðsett á Stapabraut 21 í Reykjanesbæ en ekki á Keflavíkurflugvelli, líkt og neytendum sé talin trú um á heimasíðu félagsins. Við mat á ruglingshættu verði að líta með heildstæðum hætti á merkin sjálf og þá þjónustu sem merkin séu notuð fyrir. Sé það gert í því máli sem hér um ræði fáist ekki annað séð en að ruglingshætta sé til staðar.
38. Í kvörtun kæranda hafi verið á því byggt að vörumerki Keflavíkurflugvöllur, Keflavík Airport og Keflavík International Airport væru auk þess vel þekkt vörumerki og að þau nytu af þeim sökum verndar 2. mgr. 4. gr. vörumerkjalaga. Fullyrða megi að nánast hver einasti Íslendingur þekki vörumerkin auk þess sem þau séu þekkt héraðs, enda hafi flugvöllurinn verið starfandi síðan 23. mars 1943 og í tugi ára undir heitinu Keflavíkurflugvöllur eða Keflavík Airport. Neytendastofa viðurkenni að þegar litið sé til orðasambandsins Keflavík International Airport komi Flugstöð Leifs Eiríkssonar upp í hugann. Í 2. mgr. 4. gr. vörumerkjalaga komi fram að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. sama ákvæðis, um eins eða svipaða vöru eða þjónustu, geti eigandi vörumerkis einnig bannað notkun þess fyrir annars konar vöru eða þjónustu ef vörumerkið sé vel þekkt hér á landi og notkunin hafi í för með sér misnotkun eða rýri aðgreiningareiginleika eða orðspor hins þekkta merkis. Ekki fáist betur séð en að tilgangur Húsbílaleigunnar ehf. með notkun á vörumerkjunum sé að nýta sér viðskiptavild kæranda og hafa þannig áhrif á eftirspurn eftir þjónustu fyrirtækisins. Með notkun Húsbílaleigunnar ehf. á merkjunum sé orðspor kæranda jafnframt sett í hættu, enda hafi kærandi enga stjórn á því hvernig Húsbílaleigan ehf. standi að

þjónustu sinni eða samskiptum við neytendur. Liggi fyrir að kærandi hafi þegar fengið sendar kvartanir vegna þjónustu félagsins.

39. Með bréfi, dags. 9. september 2014, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Neytendastofa svaraði með greinargerð, dags. 23. september 2014, þar sem þess er krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Þar er tekið fram að engin gögn hafi verið lögð fram sem sýni fram á að Húsbílaleigan ehf. sé að nota heitið í öðru skyni en að upplýsa neytendur um staðsetningu sína. Það sé rétt hjá kæranda að á heimasíðu Húsbílaleigunnar ehf. komi fram að hún sé staðsett á Keflavíkurflugvelli. Undir liðnum „About us“ komi sami texti fram, en auk þess sé að finna yfirlitskort af því hvar starfsstöð félagsins sé nákvæmlega staðsett. Verði því með engu móti fallist á að Húsbílaleigan ehf. sé að reyna að villa um fyrir neytendum. Nálægð hinnar raunverulegu starfsstöðvar við flugstöðvarbygginguna séu 6,3 kílómetrar í loftlínu og því skipti í reynd ekki máli hvort starfsstöðin sé raunverulega staðsett í flugstöðvarbyggingunni. Því til viðbótar megi benda á að neytendur sem leigi bíla af Húsbílaleigunni ehf. fái bílaleigubílinn afhentan á Keflavíkurflugvelli. Þegar bifreið sé skilað megi jafnframt skila henni fyrir utan flugstöðvarbygginguna. Því fari hluti af starfsemi félagsins fram við bygginguna og verði ekki séð að það hafi áhrif að starfsstöðin sé rúmlega sex kílómetra í burtu.
40. Ennfremur skuli á það bent að kvörtun kæranda hafi lotið að auðkenni Húsbílaleigunnar ehf. en ekki því að félagið veiti villandi upplýsingar um staðsetningu sína. Vegna fullyrðingar kæranda um að Neytendastofa hafi tekið fram að orðasambandið Keflavík International Airport vísi til flugvallarins skuli tekið fram að í hinni kærðu ákvörðun hafi verið vísað til þess að í huga neytenda komi upp mynd af alþjóðaflugvelli Íslendinga en ekki einhverjum ákveðnum rekstraraðila eða opinberu hlutafélagi. Með þessum athugasemdum í hinni kærðu ákvörðun hafi með engum hætti verið að viðurkenna eða ganga út frá hversu vel þekkt vörumerkið Keflavík International Airport sé í skilningi vörumerkjalaga. Þá sé ekki fallist á það með kæranda að tilgangur Húsbílaleigunnar ehf. sé að nýta sér viðskiptavild kæranda, auk þess sem stofnunin telji hæpið að erlendir neytendur tengi heitið Keflavík International Airport við kæranda eða rekstur á Keflavíkurflugvelli. Þá hafi ekki verið sýnt fram á að orðspor kæranda sé með einhverju móti sett í hættu með notkun Húsbílaleigunnar ehf. á umræddu heiti. Ennfremur sé rétt að ítreka að félagið noti ekki vörumerki kæranda, Keflavík International Airport, með beinum hætti heldur eingöngu hluta af þeim orðum sem vörumerkið innihaldi.
41. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 10. október 2014, var óskað eftir afstöðu kæranda til greinargerðar Neytendastofu. Svar barst með bréfi, dags. 24. október 2014. Þar kemur m.a. fram að mat á ruglingshættu snúist ekki bara um mat á því hvort neytendur kunni að eiga viðskipti við rangan aðila. Um slíka hættu geti verið að ræða þó engar eða litlar líkur séu á að viðskiptahópur viðkomandi vöru eða þjónustu sem um ræði eigi viðskipti við rangan aðila vegna líkinda þeirra vörumerkja sem notuð séu. Mat á ruglingshættu sé víðtækara og vísi í hættu á að viðskiptahópurinn telji að varan eða þjónustan eigi sama viðskiptauppruna eða að fyrir liggi samstarf í tengslum við viðskiptauppruna. Í fyrri ákvörðun Neytendastofu hafi verið vísað til þess að jafnvel þótt félög séu ekki keppinautar í beinni samkeppni, og þar af leiðandi ekki augljós

hætta á að neytendur eigi viðskipti við annað félagið þegar ætlunin sé að eiga í viðskiptum við hitt, telji stofnunin að líta verði til líkinda þeirrar þjónustu sem um ræði við mat á því hvort ruglingshætta sé til staðar, sbr. m.a. ákvörðun nr. 48/2014. Í ákvörðuninni segi: „...er það mat Neytendastofu að líkindi auðkenna Bílaumboðsins Öskju og Bílaleigunnar Öskju að teknu tilliti til óljósra marka milli starfseminnar, jafnvel þó félögin séu ekki beinlínis keppinautar á sama markaði, leiði til þess að neytendum séu veittar villandi upplýsingar um eignarrétt Bílaleigunnar Öskju þar sem líkindi auðkennana og tengsl starfsgreinanna leiðir til þess að hinn almenni neytandi telji félögin tengd.“

42. Kærandi reki flugvöll og sé sú þjónusta sem hann veiti í tengslum við þann rekstur afar fjölbreytt. Þar á meðal megi nefna leigu á bílastæðum, ýmist á langtímastæðum eða skammtímastæðum, sem og bílastæðum sem sérstaklega séu ætluð bílaleigum og langferðabílum. Jafnvel þótt kærandi starfræki ekki bílaleigu verði að telja það mikil tengsl á milli starfsemi aðila að hætta sé á að neytendur villist á fyrirtækjunum tveimur. Sú staðreynd, að Húsbílaleigan ehf. bjóði neytendum að skila bílunum við Keflavíkurflugvöll og fá þá afhenta þar, ýti enn frekar undir hættu á ruglingi og að neytendur telji tengsl til staðar. Því sé hafnað að félagið noti heitið Keflavík Airport Car Rental einungis til upplýsinga fyrir neytendur um staðsetningu sína. Augljóst sé af fylgigögnum málsins að félagið noti eingöngu umrætt heiti um starfsemi sína og hvergi sé á heimasíðu fyrirtækisins vísað í Húsbílaleiguna ehf., ef frá sé talin ein tilvísun í firmaheitið í sviga undir flípanum „um okkur“. Félagið komi þannig alfarið fram gagnavart neytendum undir fyrri heitinu.
43. Áréttað sé að við mat á ruglingshættu sé ekki skilyrði að viðskiptahópur viðkomandi þjónustu eða vöru viti hver rétthafi vörumerkis sé. Það hvort neytendur viti hvort vörumerkin Keflavík International Airport og Keflavík Airport séu í eigu kæranda skipti ekki máli. Það sem skipti máli sé hvort neytendur tengi þjónustu Keflavík Airport Car Rental við kæranda og í tengslum við 2. mgr. 4. gr. vörumerkjalaga hvort verið sé að nýta sér orðspor vörumerkja kæranda. Þess beri að geta að kærandi hafi hlotið viðurkenningar frá erlendum aðilum og sé vörumerki hans því augljóslega vel þekkt og tengt góðri þjónustu. Að mati kæranda sé augljóst að hætta á tengingu sé til staðar enda ljóst að verið sé að nota vörumerki kæranda sem firmaheiti og í tengslum við sölu á þjónustu þriðja aðila. Sú þjónusta sé að hluta veitt á starfsstöð kæranda og því séu meiri líkur á ruglingi. Þá sé augljós tilgangurinn að nýta viðskiptavild kæranda og vekja í hugum neytenda þá trú að bílaleigan hafi einhvers konar tengingu við kæranda eða hans þjónustu.
44. Með bréfi, dags. 3. nóvember 2014, voru Húsbílaleigunni ehf. kynnt gögn málsins og félaginu boðið að koma að athugasemdum sínum. Svar barst með bréfi, dags. 18. nóvember 2014, þar sem vísað var til sömu sjónarmiða og komið höfðu fram undir rekstri málsins hjá Neytendastofu. Með bréfi, dags. 27. nóvember 2014, var kæranda boðið að koma að sínum athugasemdum við bréf Húsbílaleigunnar ehf. og bárust þær með bréfi lögmanns kæranda, dags. 22. desember 2014. Þar er, auk þess sem áður hafði komið fram, vísað til athugasemda Húsbílaleigunnar ehf. þess efnis að kærandi hafi notað umrædd vörumerki í stuttan tíma og tekið fram í því sambandi að félagið hafi orðið til við sameiningu Keflavíkurflugvallar ohf. og Flugstoða ohf. 1. maí 2010. Öll réttindi, þ. á m. vörumerkjaréttindi, hafi færst til kæranda og sé því fjarstæðukennt að halda fram að hann geti ekki byggt vörumerkjarétt á notkun fyrirrennara sinna sem hann tók yfir. Þá er áréttað að

Einkaleyfastofan hafi skráð vörumerki kæranda og þannig hafi verið skorið úr um að vörumerkið njóti nægilegs sérkennis. Þá sé ljóst, líkt og staðfest hafi verið í dómi Hæstaréttar í máli nr. 538/2012, að þótt merki kunni hugsanlega að skorta sérkenni getur samt sem áður verið að notkun þriðja aðila á því brjóti gegn. 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

45. Þá sé áréttað að með tilvísun kæranda til þess, að hann geri ekki athugasemdir við að fyrirtæki sem hafi tengingu við Keflavíkurlflugvöll noti vörumerki þess til upplýsingar fyrir neytendur um staðsetningu sína, sé átt við að þjónustan sé veitt á Keflavíkurlflugvelli, þ.e. inni í flugstöðinni sjálfri og því í beinum tengslum við starfsemi kæranda. Þannig sé ekki verið að vísa til landfræðilegrar staðsetningar í stærra samhengi eins og lesa megi úr bréfi Húsbílaleigunnar ehf. Þá sé því hafnað að kærandi megi ekki takmarka notkun annarra á viðskiptavild hans þar sem um opinbert hlutafélag sé að ræða. Staðreyndin sé sú að kærandi sem þjónustuveitandi leggi mikla áherslu á að veita góða þjónustu, bæði almenningi sem neytendum, þeim fyrirtækjum sem leigi aðstöðu hjá kæranda og öðrum. Ímynd skipti kæranda miklu máli og því hafi hann lagt mikið upp úr því að fá verðlaun fyrir besta flugvöllinn o.s.frv. Það sé því afar fjarstæðukennt að halda fram að kærandi njóti ekki verndar fyrir misnotkun þriðja aðila á viðskiptavild hans.
46. Með bréfi til aðila málsins, dags. 10. mars 2015, tilkynnti áfrýjunarnefnd neytendamála, með vísan til 3. mgr. 9. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, að afgreiðsla málsins myndi tefjast vegna mikilla anna nefndarinnar og að stefnt væri að því að kveða upp úrskurð í byrjun aprílmánaðar.

NIÐURSTAÐA

47. Í máli þessu er deilt um þá niðurstöðu Neytendastofu að ekki sé ástæða til aðgerða vegna notkunar Húsbílaleigunnar ehf. á heitinu Keflavík Airport Car Rental og samhljóða léni. Af hálfu kæranda er þess krafist að lagt verði fyrir Húsbílaleiguna ehf., með vísan til 5. og 15. gr. a laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, að hætta notkun umrædds heitis og léns.
48. Í upphafi er rétt að taka fram að mál þetta snýst eingöngu um það hvort notkun Húsbílaleigunnar ehf. á auðkenninu Keflavík Airport Car Rental brjóti gegn 15. gr. laga nr. 57/2005, og eftir atvikum gegn öðrum ákvæðum sömu laga, með þeim afleiðingum að leggja verði bann við háttseminni. Málið snýst hins vegar ekki um túlkun og beitingu einstakra ákvæða laga um vörumerki nr. 45/1997, enda fer Einkaleyfastofan með stjórnvaldshlutverkið samkvæmt þeim lögum og hvorki Neytendastofu né áfrýjunarnefndar neytendamála að skera úr um ætluð brot gegn þeim. Þrátt fyrir að grunnsjónarmið í vörumerkjarétti kunni vissulega að hafa áhrif við túlkun 15. gr. a laga n. 57/2005, sbr. m.a. það sem síðar greinir, er um að ræða sitthvor löginn sem falla undir sitthvort stjórnvaldið. Vísast um þetta m.a. til úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála 5. mars 2010 (12/2009), 31. október 2012 (12/2012) og 24. mars 2015 (19/2014).
49. Ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu felur í sér almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Þar kemur fram að í III.-V. kafla laganna sé nánar tilgreint hvað teljist óréttmætir viðskiptahættir og er ákvæði 15. gr. a, sem hin kærða ákvörðun er einkum byggð á, að finna í V. kafla laganna. Ákvæðið má rekja allt aftur til laga um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum nr. 84/1933, en núgildandi ákvæði er nánast orðrétt samhljóða 9. gr.

laga nr. 84/1933. Af greinargerð með frumvarpi til þeirra laga verður ráðið að ákvæðinu hafi verið ætlað að vera til fyllingar 10. gr. laga um verslanaskrár, firmu og prókúrumboð nr. 42/1903, þar sem m.a. kemur fram að firmu skuli greina glöggst hvert frá öðru og lagt bann við því að menn stæli skrásett firmu. Ákvæðið var því næst tekið upp í 30. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti nr. 56/1978 og þess getið í athugasemdum með frumvarpi til þeirra laga að vernd auðkenna samkvæmt firma- og vörumerkjaloggjöf næði ekki alltaf nógu langt. Því væri þörf á þeirri viðbótarvernd sem ákvæðinu væri ætlað að veita. Sama viðhorf kom fram við setningu samkeppnislaga nr. 8/1993, en ákvæðið var að finna í 25. gr. þeirra. Af þessu leiðir að 15. gr. a laga nr. 57/2005 getur falið í sér ríkari vernd en leiðir af sérlögum með hliðsjón af samkeppnissjónarmiðum.

50. Í 15. gr. a laga nr. 57/2005 er um tvennskona reglur að ræða – annars vegar bann við því að nota auðkenni sem viðkomandi hefur ekki rétt til, sbr. 1. másl. ákvæðisins, en hins vegar bann við því að nota eigin auðkenni þannig að ruglingshætta skapist við einkenni annarra, sbr. 2. másl. Í hinni kærðu ákvörðun var réttilega á því byggt að báðir aðilarnir ættu tilkall til auðkenna sinna og því réðist niðurstaða málsins af 2. másl. greinarinnar, en fyrir liggur að Húsbílaeigan ehf. notaði ekki vörumerki kæranda sem slíkt heldur auðkenni sem samanstendur m.a. af hluta vörumerkisins. Við mat á því hvort brotið hafi verið gegn 2. másl. 15. gr. a hafa eftirlitsstjórnvöld um margt litið til svipaðra sjónarmiða og í vörumerkjarétti. Meðal þeirra grunnsjónarmiða sem framkvæmdin ber með sér er að við mat á því hvort brotið hefur verið gegn ákvæðinu hefur m.a. þýðingu hvort þau auðkenni sem um er deilt hafi sérkenni sem greini þau frá öðrum. Ef auðkenni er einungis lýsandi fyrir þá þjónustu eða vörur sem viðkomandi hefur á boðstólum, en hefur ekki einhver tiltekin sérkenni til aðgreiningar frá öðrum, hefur viðkomandi ekki verið talinn njóta verndar gegn því að annar aðili taki upp áþekk auðkenni til kynningar á starfsemi sinni. Um þetta má m.a. vísa til úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála 14. janúar 2014 (1/2013) og úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála 24. mars 2011 (1/2011). Á hinn bóginn kann að vera rétt að slaka á kröfunum til sérgreiningar auðkenna sem hafa fest sig í sessi á viðkomandi markaði og telst almennt þekkt sakir notkunar. Þannig er ekki útilokað að orð og orðasambönd, sem öllu jöfnu teldust almenn og lýsandi fyrir viðkomandi starfsemi, teljist nægilega sérgreind með vísan til langrar notkunar og markaðsfestu.

51. Þrátt fyrir að heitið Keflavík International Airport, og önnur vörumerki kæranda, séu út af fyrir sig almenn og lýsandi fyrir viðkomandi starfsemi, þ.e. rekstur flugvallar í Keflavík, verður að mati áfrýjunarnefndar neytendamála að leggja til grundvallar að auðkennin hafi öðlast fullnægjandi sérkenni fyrir notkun og njóti þannig verndar 15. gr. a laga nr. 57/2005. Vísast í því sambandi til þess að auðkennin, bæði í íslenskri og enskri þýðingu, hafa verið notuð um flugvöllinn í áratugi og má með nokkurri vissu fullyrða flestir neytendur telji heitið Keflavík International Airport skírskota til flugvallarins í Keflavík. Í ljósi þessa fellur ágreiningur máls þessa ekki utan gildissviðs 15. gr. a laga nr. 57/2005 og kemur því til nánari skoðunar hvort notkun Húsbílaeigunnar ehf. á auðkenninu Keflavík Airport Car Rental feli í sér ruglingshættu við auðkenni kæranda samkvæmt ákvæðinu.

52. Af lögskýringargögnum með ákvæðinu verður ráðið að því er ætlað að veita fyrirtækjum, sem nota auðkenni í starfsemi sinni, sérstaka vernd gegn því að aðrir noti auðkenni, sem þeir eiga út af fyrir sig tilkall til, á þann hátt að villst verði á þessum tveimur auðkennum. Er markmið ákvæðisins ekki aðeins að veita fyrirtækjum vernd í innbyrðis samkeppni þeirra, heldur ekki síður að koma í veg fyrir að villt verði um fyrir neytendum, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar Íslands 28. febrúar 2013 í máli nr. 538/2012. Við mat á því hvort ruglingshætta sé fyrir hendi í skilningi ákvæðisins hefur m.a. verið talið skipta máli hvort viðkomandi fyrirtæki starfi á markaði og hvort þau beini vöru eða þjónustu að sama markhópi, sbr. m.a. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 15. febrúar 2012 (20/2011) og úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála 26. mars 2010 (14/2009). Þá skiptir vitanlega máli hversu hversu lík viðkomandi auðkenni eru, en þau líkindi hafa síðan áhrif á það hversu skyld starfsemi aðilanna má vera án þess að teljast skapa ruglingshættu. Þannig er ljóst að því líkari sem auðkennin eru, því minni kröfur eru gerðar til skyldleika starfsemi aðilanna, og öfugt.
53. Þrátt fyrir að að viss líkindi séu með þeim auðkennum sem um ræðir í máli þessu verður að mati áfrýjunarnefndar neytendamála ekki séð að þau líkindi valdi ruglingshættu í skilningi fyrrgreinds ákvæðis. Í því sambandi vísast í fyrsta lagi til þess að þrátt fyrir að orðin Keflavík Airport komi fram í heiti Húsbílaleigunnar ehf. eru auðkennið Keflavík Airport Car Rental í heild sinni ólíkt auðkennum kæranda og ber skýrlega með sér að um bílaleigu er að ræða en ekki sjálfan flugvöllinn eða beina framlengingu af honum. Í öðru lagi verður ekki framhjá því litið að þrátt fyrir að fyrirtækin beini að vissu leyti þjónustu sinni að sama markhópnum, þ.e. farþegum sem eiga leið um Leifsstöð, verða þau á engan hátt talin bjóða vöru sína og þjónustu á sama markaði. Er í því sambandi til þess að líta að kærandi heldur utan um rekstur flugvallarins á Keflavíkurflugvelli en Húsbílaleigan ehf. býður afmarkaða þjónustu við flugvöllinn tengdan bílaleigu. Má þannig slá föstu að ólíklegt sé að viðskiptavinir annars fyrirtækisins eigi viðskipti við hitt fyrir mistök og að mögulegur misskilningur þar að lútandi verði í öllu falli leiðréttur þegar í ljós kemur hvers kyns þjónustu aðilarnir veita. Að öðru leyti verður ekki séð að nokkuð liggi fyrir sem renni stoðum undir að auðkenni Húsbílaleigunnar ehf. og notkun þess kunní að valda ruglingshættu við auðkenni kæranda eða að slíkur ruglingur hafi yfir höfuð átt sér stað.
54. Auk framangreinds verður ekki framhjá því litið, líkt og lagt er til grundvallar í hinni kærðu ákvörðun, að hluti þjónustu Húsbílaleigunnar ehf. fer vissulega fram við Keflavíkurflugvöll þó svo að höfuðstöðvar fyrirtækisins séu staðsettar nokkrum kílómetrum frá sjálfri flugstöðinni. Þá verður að taka undir það með félaginu að orðið Keflavíkurflugvöllur geti í reynd átt við um stærra svæði en eingöngu flugvöllinn sjálfan, enda hefur heitið ýmist verið notað um flugstöðina sjálfra eða með víðtækari skírskotun og þá um svæðið í kringum flugvöllinn og við Keflavík. Í ljósi framangreinds er því hafnað að 15. gr. a laga nr. 57/2005 standi því í vegi að Húsbílaleigan ehf., sem sannanlega veitir þjónustu við Keflavíkurflugvöll, skírskoti til þessa staðarheitis starfseminnar í auðkenni sínu. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hina kærðu ákvörðun.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Hildur Dungal

Egill Heiðar Gíslason

Halldóra Þorsteinsdóttir